



Borgarráð

Viðbótarframlag til Strætó árið 2022

Lagt er til að Reykjavíkurborg veiti 321,2 m.kr. viðbótarframlagi til rekstrar Strætó bs. á árinu 2022. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa.

Greinargerð:

Fjárhagsstaða Strætó bs. hefur verið erfið á undanförunum misserum, en á tímum heimsfaraldurs kórónaveiru árið 2020 og 2021 fækkaði farþegum í Strætó umtalsvert sem dró verulega úr farþegatekjum. Engu að síður var, ekki síst að beiðni stjórnvalda og annarra ytri aðila, lögð áhersla á að halda úti óskertri þjónustu í almenningssamgöngum á erfiðum tímum heimsfaraldurs. Í ljósi þess bundu sveitarfélögin og stjórn Strætó vonir við að ríkið kæmi að rekstrinum með aukaframlag að fjárhæð allt að 990 m.kr. Niðurstaðan var hins vegar aðeins 120 m.kr. framlag eða aðeins brot af því tapi sem hefur verið að raungerast hjá félaginu vegna samdráttar í farþegatekjum. Félagið hefur sökum þess verið að ganga á eigið fé sem stefnir í að verða neikvætt um áramót verði ekkert að gert, sem og ganga á uppsafnað handbært fé sem fyrirhugað var að nýta til fjárfestinga í vögnum. Árið 2022 hefur jafnframt verið félaginu erfitt vegna mikilla hækkana á olíu og kostnaðarhækkana vegna verðbólgu og styttingu vinnuvikunnar.

Fjármálastjórum sveitarfélaganna á hbs. var ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. falið að fara yfir málið og leggja fram tillögur að nálgun vegna erfiðrar fjárhagslegrar stöðu. Tillögur þeirra voru lagðar fram á eigendafundi Strætó þann 26. sept. sl.

Lagt er til að takast á við bráðavanda félagsins með því að hækka rekstrarframlag ársins 2022 um samtals 520,5 m.kr. eða sem nemur einni og hálfri mánaðargreiðslu sem skiptist með eftirfarandi hætti milli sveitarfélaganna:

Eigendur	Hlutf.	Mánaðar- framlag	Hálft mánaðar- framlag	Samtals
Reykjavíkurborg	61,7%	214.113.282	107.056.641	321.169.924
Kópavogur	13,8%	47.915.469	23.957.735	71.873.204
Hafnarfjörður	9,7%	33.680.855	16.840.427	50.521.282
Garðabær	7,5%	25.975.708	12.987.854	38.963.562
Mosfellsbær	5,4%	18.883.095	9.441.548	28.324.643
Seltjarnarneskaupstaður	1,8%	6.399.619	3.199.809	9.599.428
		346.968.029	173.484.015	520.452.044

Þá lagði hópurinn áherslu á gjaldskrárhækkanir og mikilvægi þess að hefja strax viðræður við ríkið um stöðu félagsins og tryggja með samningum aðkomu þess að þeim vanda sem uppi er og rekja má til áhrifa Covid-19 á rekstur félagsins. Að sama skapi yrði lögð áhersla á að ríkið verðbæti framlag sitt frá árinu 2011 með strætóvísitölu í samræmi við samkomulag þar um, eða með sama hætti og sveitarfélögin eru og hafa gert.

Þá lagði hópurinn til að skipaður yrði 3ja manna starfshópur sérfræðinga/fjármálastjóra sveitarfélaganna, sem vinnur á næstu 2 mánuðum að mótun frekari tillagna með stjórnendum Strætó bs. um rekstur félagsins til næstu þriggja ára. Tillögur myndu liggja fyrir þann 1. desember n.k.



Reykjavíkurborg

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi til eigenda Strætó bs. vegna aukaframlags, dags. 27. sept. 2022.

Fundargerð eigendafundar Strætó bs., dags. 26. sept. 2022.

Minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaga á hbs. vegna fjárhagsstöðu Strætó, dags. 24. sept. 2022.



Reykjavík 27. september 2022

Minnisblað

Efni: Aukið rekstrarframlag til Strætó.

Heimsfaraldur COVID-19 hefur leikið fjárhag Strætó grátt og legið hefur fyrir í nokkurn tíma að staða handbærs fjár muni verða neikvætt ef eigendur komi ekki með aukið rekstrarframlag til Strætó. Strætó greip strax til hagræðingaraðgerða þegar ljóst varð að samkomutakmarkanir mundi hafa áhrif á notkun og tekjur. Þetta var þó gert undir þeim formerkjum að halda þjónustustigi á annatíma sem mest óbreyttu en skerða þjónustutíma á kvöldin og minnka tíðni á leiðum sem voru minna notaðar. Bundnar voru vonir við að stjórnvöld mundi styðja við almenningssamgöngur á sambærilegan hátt og þekkist víða á Norðurlöndum. Stuðningur ríkisins varð töluvert minni en vonir stóðu til og er því kominn upp sú staða að eigendur þurfa að leggja til meira fjármagn til Strætó þ.a. handbært fé verði jákvætt og félagið geti sinnt þeirri starfsemi sem því er ætlað.

Gert var ráð fyrir því í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 og eigendur mundu þurfa að leggja rekstrinum til meira fjármagn. Endurskoðuð áætlun Strætó sem unnin var fyrir stjórn Strætó á vormánuðum 2022, gerir ráð fyrir að tap af starfseminni verði tæpur milljarður á árinu 2022 og að handbært fé verði neikvætt.

Endurskoðuð áætlun var kynnt á eigendafundi nr. 36, þann 23. Maí. Niðurstaða eigendafundar var, sjá afrit úr fundargerð hér að neðan.



Dagskrá:

1. Fjármál Strætó bs. - 2203009

Hjálmar Sveinsson formaður stjórnar Strætó bs. kynnir stöðu fjármála Strætó bs. Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. kynnir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2022 en ljóst sé að minni tekjur og aukinn rekstrarkostnaður vegna útanaðkomandi þátta muni hafa umtalsverð áhrif á afkomu ársins. Því sé þörf á frekara fjárframlagi eigna þrátt fyrir þá hagræðingu í rekstri sem ráðist hefur verið í.

Ljóst er þó að fjöldi notanda Strætó er á uppleið aftur eftir þau áhrif sem urðu vegna Covid-19 og er í dag um 90% af farþegagrunninum 2019.

Niðurstaða:

Eigendavettvangur leggur til að fallist verði á frekara fjárframlag eigna til Strætó bs., skv. fyrirbyggjandi gögnum, enda um skýra fjárþörf að ræða vegna lægri tekna og hækkandi rekstrarkostnaðar umfram forsendur fjárhagsáætlana. Framangreind tillaga verði, af hálfu Strætó bs., kynnt aðildarsveitarfélögunum sem fyrst með minnisblaði, fyrirbyggjandi gögnum og kynningu í sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaganna.

Í ljósi lausafjárstöðu Strætó bs., og meðan bedið er niðurstöðu samkvæmt framangreindu, er framkvæmdastjóra Strætó bs., í samstarfi við fjármálasvið sveitarfélaganna, falið að brúa bilið með því að greiðslum rekstrarframlaga sveitarfélaganna vegna næstu mánaða verði flýtt, enda rúmist þau innan samþykktra fjárhagsáætlana ársins.

Tímabundin lausn hefur verið afgreidd, sem fólst í að greiða fyrirfram rekstrarframlag í júní 2022.

Á eigendafundi þann 5. september sl. var áfram fjallað um fjárhagsstöðu Strætó í samræmi við niðurstöðu eigendafundar frá 23. maí og á þeim fundi var fjármálastjórum sveitarfélaganna sem standa að Strætó falið að koma með tillögu að lausn á fjárhagsstöðu Strætó, sjá afrit úr fundargerð.

„Áfram verði unnið að gerð fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2023 og leitað lausna á þeirri fjárhagsstöðu sem liggur fyrir. Er fjármálastjórum sveitarfélaganna ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. falið að fara yfir málið og leggja fram tillögur að nálgun í því efni. Verður umræðunni haldið áfram á næsta eigendafundi sem boðaður verður fljótlega.

Þá er formönnum stjórna SSH og Strætó bs. ásamt framkvæmdastjórum SSH og Strætó bs. falið að hafa frumkvæði að samtali við ríkið, en hluta þess tapreksturs sem nú liggur fyrir má rekja til minni tekna Strætó bs vegna Covid-19.“

Fjármálastjórnir ásamt framkvæmdastjóra/undirrituðum skiluðu minnisblaði til eigendavettvangs SSH dagsett 24. September 2022 þar sem lagt er til að verkefnið verði tvíþætt, annars vegar bráðavandi vegna sjóðsstöðu 2022 og hins vegar vandi til lengri tíma.



Tillagan gengur út á að greitt verði aukaframlag til Strætó upp á 520.452.044. Hlutur hvers sveitarfélags má finna meðfylgjandi minnisblaði f, sjá afrit.


Eigendur	Hlutf.	Mánaðar- framlag	Hálft mánaðar- framlag	Samtals
Reykjavíkurborg	61,7%	214.113.282	107.056.641	321.169.924
Kópavogur	13,8%	47.915.469	23.957.735	71.873.204
Hafnarfjörður	9,7%	33.680.855	16.840.427	50.521.282
Garðabær	7,5%	25.975.708	12.987.854	38.963.562
Mosfellsbær	5,4%	18.883.095	9.441.548	28.324.643
Seltjarnarneskaupstaður	1,8%	6.399.619	3.199.809	9.599.428
		346.968.029	173.484.015	520.452.044

Tillega:

Með vísan til bókonar eigendafundar Strætó bs. frá 24.september

„Eigendavettvangur leggur til að fallist verði á frekara fjárframlag eigenda til Strætó bs. sem eru skv. fyrirbyggjandi minnisblaði 520,4 millj.kr, enda um skýra fjárþörf að ræða vegna lægri tekna og hækkandi rekstrarkostnað. Framangreind tillaga verði af hálfu Strætó bs. send og kynnt aðildarsveitarfélögunum sem fyrst með framlögðu minnisblaði. Þá staðfestir eigendavettvangur tillögu stjórnar Strætó bs. á hækkun gjaldskrár um 12,5 % sem er breyting á forsendum fjárhagsáætlunar 2022.

Virðingarfyllst,



Jóhannes Svavar Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó bs.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**38. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 26. september 2022
og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Alexandra Briem, Andri Steinn Hilmarsson, Hrannar Braji Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Jóhannes Rúnarsson, Almar Guðmundsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmastjóri SSH

Dagskrá:

Almar Guðmundsson, formaður stjórnar SSH, setti fund og stýrði umræðum

1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2023-2027 - 2108006

Framhald umræðu frá 37. eigendafundi. Fyrirliggjandi er minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins dags. 24. september 2022.

Niðurstaða:

Á 37. eigendafundi Strætó var fjármálastjórum sveitarfélaganna ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. falið að fara yfir fjárhagsstöðu Strætó bs. og leggja fram tillögu um nálgun að lausnum er varða fjárhagsstöðu Strætó bs.

Fyrirliggjandi er minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins dags. 24. september 2022 þar sem farið er yfir tillögur að leiðum og lausnum er málið varðar.

Umræður.

1.

Eigendavettvangur leggur til að fallist verði á frekara fjárframlag eigenda til Strætó bs. sem eru skv. fyrirliggjandi minnisblaði 520,4 millj.kr, enda um skýra fjárþörf að ræða vegna lægri tekna og hækkandi rekstrarkostnað. Framangreind tillaga verði af hálfu Strætó bs. send og kynnt aðildarsveitarfélögunum sem fyrst með framlögðu minnisblaði. Þá staðfestir eigendavettvangur tillögu stjórnar Strætó bs. á hækkun gjaldskrár um 12,5 % sem er breyting á forsendum fjárhagsáætlunar 2022.

2.

Formaður eigendavettvangs ásamt framkvæmdastjórum Strætó bs. og SSH funduðu með innviðaráðherra og embættismönnum innviðaráðuneytisins 22. september sl. Á fundinum var farið yfir fjárhagsstöðu Strætó bs. og ítrekað mikilvægi þess að ríkið leggi fram sérstök framlög vegna áhrifa Covid-19 á rekstur félagsins. Var erindið mótttekið og verður fjallað um það á vettvangi ríkisins.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Formanni eigendavettvangs ásamt formanni Strætó bs., framkvæmdastjóra Strætó bs. og SSH er falið að fylgja viðuræðunum eftir.

3.

Skv. tillögum í minnisblaði er lagt til að skipaður verði 3ja manna starfshópur sérfræðinga/fjármálastjóra sveitarfélaganna, sem vinnur á næstu 2 mánuðum að mótun frekari tillagna með stjórnendum Strætó bs. um rekstur félagsins til næstu þriggja ára. Tillögur liggja fyrir þann 1. desember n.k.

Samþykkt er að fjármálastjórar Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðar skipi hópinn ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. Framkvæmdastjóri SSH mun starfa með hópnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00.



24. september 2022
FAS22090037

MINNISBLAÐ

Fjármálastjóra sveitarfélaga á hbs. vegna fjárhagsstöðu Strætó

Efni: Yfirferð fjármálastjóra sveitarfélaga sem standa að rekstri Strætó og tillögur um leiðir / lausnir

Á eigendafundi Strætó bs. þann 5. september sl. var fjármálastjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu falið að taka til rýningar þau gögn sem fyrir liggja vegna erfiðrar fjárhagsstöðu fyrirtækisins og leggja fram tillögur að nálgun í því efni. Var á eigendafundinum bókað eftirfarandi:

„Áfram verði unnið að gerð fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2023 og leitað lausna á þeirri fjárhagsstöðu sem liggur fyrir. Er fjármálastjórum sveitarfélaganna ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. falið að fara yfir málið og leggja fram tillögur að nálgun í því efni. Verður umræðunni haldið áfram á næsta eigendafundi sem boðaður verður fljótlega.

Þá er formönnum stjórna SSH og Strætó bs. ásamt framkvæmdastjórum SSH og Strætó bs. falið að hafa frumkvæði að samtali við ríkið, en hluta þess tapreksturs sem nú liggur fyrir má rekja til minni tekna Strætó bs vegna Covid-19.“

Verkefnið sem fjármálastjórahópnum er falið er í raun tvíþætt, annars vegar bráðavandi vegna sjóðsstöðu á árinu 2022 og hins vegar vandi til lengri tíma. Sveitarfélögin sem standa að og bera ábyrgð á rekstri Strætó eru í þröngri stöðu til að auka niðurgreiðslur á þjónustu almenningsgangna eins og sakir standa. Því er nauðsynlegt að fara í góða rýningu á stöðunni og opna á alla möguleika til að leysa vandann til framtíðar.

Hópur fjármálastjóra hefur fundað tvívegis og rýnt eftirfarandi gögn;

- Skýrsla KPMG – Greining á áætlaðri fjárþörf – samantekt unnin fyrir Strætó, 2. sept. 2022.
- Kynning Strætó á fundi stjórnar SSH, 5. sept. – Umræður um forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2023-2027.
- Fjárhagsáætlun Strætó – Samantekt sviðsmynda 1-3, dags. 16. sept. 2022.

Fjármálastjórar áttu einnig fundi með framkvæmdastjóra og fjármálastjóra Strætó og fengu frekari upplýsingar og skýringar sem varpa ljósi á stöðuna. Til að unnt sé að fara í áframhaldandi vinnu og móta tillögur til lengri tíma, er brýnt að fá greinargóð fjárhagsgögn og skýringar frá félaginu, m.a.:

- Upplýsingar um breytingar á rekstrarfjárhæðum frá áætlun ársins ásamt greinargóðum skýringum á frávikum.
- Upplýsingum um kostnað vegna nýrra, ófjármagnaðra verkefna, s.s. næturstreito, áhrif hagræðingaraðgerða ársins sem fóru seinna af stað en áætlað var.



- Sjóðsstreymisýfirlit pr. mánuð fyrir næstu 12 – 18 mánuði.
- Gögn um fjölda þeirra sem nota þjónustuna, ásamt upplýsingum um áhrif gjaldskrárbreytinga á fjölda / tekjur í einstökum gjaldskrárflokkum.
- Skoða vanda fyrri ára sem er að raungerast nú.

Bráðavandi 2022.

Rekstrarniðurstaða Strætó var neikvæð um 600 m.kr. fyrstu 6 mánuði ársins 2022, veltufé frá rekstri var neikvætt um 393 m.kr. og eigið fé stóð í 245 m.kr. Í skýrslu KPMG er gert ráð fyrir að það þurfi allt að 1.000 m.kr. á árinu 2022 til þess að mæta taprekstri og neikvæðri stöðu veltufjár. Gerir KPMG ráð fyrir að með slíku framlagi verði staða eiginfjár 120 m.kr. í lok árs eða sem nemur 4%. Stjórnendur Strætó hafa lagt fram 3 mismunandi sviðsmyndir til þess að takast á við bráðavanda félagsins sem miða að því að eigendur leggi fram aukin rekstrarframlög á árinu, frá 347 m.kr. (sem miðast við eins mánaðar viðbótar rekstrarframlag) til 1.000 m.kr. viðbótar rekstrarframlags.

Tillögur fjármálastjóra sveitarfélaga hbs.:

Lagt er til að rekstrarframlag yfirstandandi árs 2022 verði hækkað um sem nemur einni og hálfri mánaðargreiðslu eða 520,5 m.kr. Slík ráðstöfun fæli í sér jákvæða stöðu eigin fjár um áramót og tryggir greiðslugetu félagsins fram yfir áramót með áætlaðri stöðu handbærs fjár í 275 m.kr. um áramót. Undanfarin ár hafa hækkanir á framlögum fylgt forsendum fjárhagsáætlunar en ekki fylgt kostnaðarhækkunum sem hefur þrengt að rekstrinum. Skipting milli sveitarfélaganna verði sem hér segir:

Eigendur	Hlutf.	Mánaðar- framlag	Hálft mánaðar- framlag	Samtals
Reykjavíkurborg	61,7%	214.113.282	107.056.641	321.169.924
Kópavogur	13,8%	47.915.469	23.957.735	71.873.204
Hafnarfjörður	9,7%	33.680.855	16.840.427	50.521.282
Garðabær	7,5%	25.975.708	12.987.854	38.963.562
Mosfellsbær	5,4%	18.883.095	9.441.548	28.324.643
Seltjarnarneskaupstaður	1,8%	6.399.619	3.199.809	9.599.428
		346.968.029	173.484.015	520.452.044

Lagt er til að gripið verði strax til gjaldskrárhækkunar, enda hafa hækkanir verið litlar sem engar eða a.m.k. óverulegar um nokkurra ára skeið og gjaldskrár fyrir mánaðar- og árskort, sem og gjaldskrár fyrir afsláttarkort, lágar. Getur gjaldskrárhækkun skilað allt að 25 m.kr. tekjuaukningu frá 1. okt. út árið 2022. Ljóst er óverulegar gjaldskrárbreytingar undanfarinna ára (sem hlutfall af rekstrarkostnaði) hafa haft umtalsverð áhrif á rekstrarniðurstöðu Strætó. Þannig hefur komið fram að svokölluð „strætó-vísitala“ hefur hækkað um rúm 28% frá árinu 2019 (fyrir Covid) og ef gjaldskrár hefðu fylgt henni væru tekjur 5-600 m.kr. hærrí á ári, m.v. áætlaðar fargjaldtekjur 2022.

Brýnt er að hefja strax viðræður við ríkið um stöðu félagsins og tryggja með samningum aðkomu þess að þeim vanda sem uppi er og rekja má til áhrifa Covid-19 á rekstur félagsins. Að sama skapi verði lögð áhersla á að ríkið verðbæti framlag sitt frá árinu 2011 með



strætóvísitölu í samræmi við samkomulag þar um, eða með sama hætti og sveitarfélögin eru og hafa gert.

Skipaður verið 3ja manna starfshópur sérfræðinga/fjármálastjóra sveitarfélaganna, sem vinnur á næstu 2 mánuðum að mótun frekari tillagna með stjórnendum Strætó bs. um rekstur félagsins til næstu þriggja ára. Tillögur liggja fyrir þann 1. desember n.k.

Til lengri tíma litið.

Þegar horft er til lengri tíma, þá er nauðsynlegt að rýna framtíðarrekstrarhæfi Strætó og setja fram raunhæfar áætlanir sem tryggja rekstur félagsins til lengri og skemmri tíma. Í ljósi þeirra breytinga sem fyrirséðar eru á fyrirkomulagi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu með tilkomu Borgarlínu er lögð fram sú tillaga að rekstur félagsins verði tryggður með skýrum hætti til næstu þriggja ára með hliðsjón af þeim áherslum sem lagt verður upp með í nýju leiðarneti eftir því sem það liggur fyrir. Tillagan tekur mið af því að unnið er að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur Borgarlínu og mun niðurstaða þeirra viðræðna væntanlega hafa mikil áhrif á rekstur og stöðu Strætó til lengri framtíðar.

Lagt er til að eftirfarandi nálgun verði höfð á nánari vinnu við tillögugerð:

Kostnaðarhliðin: það eru nokkrir þættir sem þarf að rýna og draga fram staðreyndir:

- A) Rýna kostnaðinn og fá greinargóðar skýringar á frávikum frá áætlun. Hvaða þættir hafa breyst frá því að áætlun var gerð. Ljóst er að Covid19 faraldurinn hafði mikil áhrif á árunum 2020 og 2021 og í janúar og febrúar á yfirstandandi ári. Áhrif hans á reksturinn á yfirstandandi ári virðast þó vera óverulegar frá því sem var þegar áætlun ársins var unnin. Hópurinn telur mikilvægt að fara í dýpri rýningu á rekstrinum og fá betri fjárhagsgögn frá félaginu.
- B) Skoða þarf endurnýjunarþörf tækja sem er brýn að óbreyttu til að tryggja þjónustuna.
- C) Rýna og meta tillögur um útvistun þjónustunnar og aðra mögulega þætti til hagræðingar í rekstri.
- D) Rýna kostnaðaráhrif vegna styttingu vinnuvikunnar og áhrif þess á rekstur og framlög.

Tekjuhliðin: Rýna þarf nokkra þætti og draga fram staðreyndir.

- A) Fá upplýsingar um farþegafjölda, kostnað pr. ferð, kostnað pr. ekinn km, kostnað pr. íbúa hvers sveitarfélags, hlut notenda í kostnaði við þjónustuna. Einnig þarf að taka saman yfirlit yfir gjaldskrár undanfarin ár og framreikna m.a. strætóvísitölu.
- B) Meta verðteygni eftir því sem kostur er, þ.e. áhrif tekjubreytinga á farþegafjölda.
- C) Móta stefnu til næstu ára um hlut notenda í kostnaði við þjónustuna. Fyrir liggur í eigendastefnu að heimilt sé að stilla gjaldskrá þannig upp að notendur greiði allt að 40% kostnaðar. Það hefur þó aldrei náðst og nú er hlutur notenda u.þ.b. 20%. Meta þarf áhrif þess að hækka kostnaðarhlutdeild notenda og möguleg áhrif þess á farþega- og tekjuþróun. Á árunum 2017 og 2018 voru þjónustutekjur á bilinu 29-33% og þá gekk reksturinn nokkuð vel. Ef gjaldskrár hefðu haldist sem sama hlutfall tekna og þær voru á þessum árum, væru fargjaldatekjur u.þ.b. 700 m.kr. – 1.000 m.kr. hærri en þær eru áætlaðar á yfirstandandi ári. Ef farið væri í að hækka þær þannig að þær væru 40% af kostnaði væri hækkunin u.þ.b. 1.600 m.kr.



- D) Undirbúa tillögur um það hvernig framlög sveitarfélaganna eru framreiknuð frá ári til árs, t.d. hvort nota eigi strætóvísitölu. Tekið verði tillit til stefnumörkunar um kostnaðarþátttöku farþega (gjaldskrár).

Framsetning gagna og mælikvarðar:

- A) Yfirfara og skilgreina kennitölur, mælikvarða og markmið þeirra til stjórnar.
B) Skilgreina jafnframt framsetningu og skýringar fjárhagsganga til stjórnar, eigenda og fjármálastjóra sveitarfélaga hbs.

Aðkoma ríkisins að rekstri Strætó:

- A) Áhersla verði lögð á að ríkið leggi fram sérstök framlög vegna áhrifa Covid-19 á rekstur félagsins.
B) Áhersla verði lögð á að fá niðurstöðu í samninga um framlög ríkisins frá árinu 2012, en framlögin hafa staðið í stað og ekki fylgt verðlagi eða kostnaðarhækkunum.
C) Skoðaðar verði til samanburðar upplýsingar um stuðning / niðurgreiðslu ríkisins á strætóþjónustu / almenningsvagnþjónustu til sveitarfélaga á landsvísu.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar

Kristín Egilsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs Kópavogsbæjar

Guðmundur Sverrisson, f.h. fjármálastjóra Hafnafjarðar

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri Garðabæjar

Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri Mosfellsbæjar

Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri Seltjarnarnesbæjar